



FOR IMMEDIATE RELEASE

Íslenskir fagfjárfestar bætast í hóp hluthafa Verne Global

SÍA II ásamt hópi lífeyrissjóða fjárfesta í Verne Global. Fjármögnunin gerir Verne Global kleift að ráðast í næsta áfanga uppbyggingar gagnavers félagsins á Íslandi

KEFLAVÍK, Ísland – 12 janúar, 2015 – [Verne Global](#) hefur lokið við hlutafjárukningu fyrir allt að 98 milljónir bandaríkjadala. SÍA II, framtakssjóður í rekstri Stefnis, kemur ásamt hópi lífeyrissjóða, nýr inn í hluthafahóp félagsins. Stærstu hluthafar Verne Global fyrir hlutafjárukninguna – Wellcome Trust, Novator Partners og General Catalyst, tóku einnig þátt í hækkuninni.

Verne Global mun nota hið nýja hlutafé til að auka afkastagetu gagnaversins og útvíkka þjónustuframboð. Fjármögnunin gerir það að verkum að Verne Global getur ráðist í nauðsynlegar fjárfestingar til að mæta vaxandi eftirspurn frá núverandi og nýjum viðskiptavinum.

“Hið mikla magn nýrra gagna sem verða til og eru unnin á hverjum degi leiðir til þess að markaðurinn hefur endurmetið þörf sína fyrir gagnavörslu, gagnavinnslu og hvar þessi þjónusta fer fram,” segir Jeff Monroe, forstjóri Verne Global. “Til að ná árangri í hagkerfi sem er drifið áfram af gögnum og vinnslu upplýsinga skiptir aðgangur að orku, áreiðanleiki hennar og kostnaður miklu máli. Allir þessir þættir eru hagstæðir á Íslandi sem gerir það að verkum að við teljum Ísland vera ákjósanlegan og hagfelldan stað til að staðsetja gagnaversþjónustu fyrir alþjóðleg fyrirtæki.”

“Við erum ánægðir með að koma inn í hluthafahóp Verne Global og styðja áframhaldandi vöxt fyrirtækisins og þróun gagnaversiðnaðar á Íslandi, segir Arnar Ragnarsson sjóðstjóri hjá SÍA II. “Verne Global hefur á að skipa öflugum starfsfólki og býður viðskiptavinum sínum upp á samkeppnishæfa vöru. Við teljum allar forsendur vera fyrir hendi til að byggja á þeim árangri sem fyrirtækið hefur náð enda fer þörfin eftir þjónustu þess vaxandi sem og vægi þeirrar sérstöðu Verne Global sem felst í staðsetningu þess á Íslandi. ”

“Það er ánægjulegt að fá SÍA II og lífeyrissjóði í hluthafahóp Verne Global. Við höfum sýnt fram á það með samstarfi við stóra alþjóðlega viðskiptavini að Ísland er ákjósanlegur staður fyrir gagnaver og það er spennandi fyrir okkur að fá breiðan hóp íslenskra fjárfesta að fyrirtækinu til að taka þátt í uppbyggingu þess,” segir Isaac Kato, fjármálastjóri Verne Global.

Arctica Finance var ráðgjafi Verne Global við fjármögnunina.

Um Verne Global

Verne Global er framsækið fyrirtæki í þróun orkunýtinna gagnavera á svæði félagsins að Ásbrú í Reykjanesbæ. Félagið býður viðskiptavinum sínum öruggar og skalanlegar gagnaverslausnir sem fela í sér mikið kostnaðarhagræði og nýta hreina endurnýtanlega orkukosti Íslands. Viðskiptavinir

fyrirtækisins hafa ólíkar þarfir en hafa kosið að staðsetja ákveðna þætti í upplýsingatæknivinnslu sinna fyrirtækja hjá Verne á Íslandi, en meðal stærstu viðskiptavina eru stór alþjóðleg fyrirtæki eins og BMW, RMS, Datapipe, Colt og CCP. www.verneglobal.com

Um SÍA II og Stefnir

SÍA II er framtakssjóður í rekstri Stefnis hf. Hluthafar SÍA II samanstanda af lífeyrissjóðum, fjármálafyrirtækjum og fagfjárfestum. Framtakssjóðir á vegum Stefnis hafa verið leiðandi í framtaksfjárfestingum á Íslandi og hafa, ásamt meðfjárfestum, fjárfest fyrir yfir 40 milljarða í óskráðum félögum frá árinu 2011.

Stefnir hf. er stærsta sjóðastýringafyrirtæki landsins með um 415 milljarða í virkri stýringu. Hlutverk félagsins er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Stefnir þjónar jafnt einstaklingum sem fagfjárfestum. Félagið var stofnað árið 1996 og er dótturfélag Arion banka.

Um Arctica Finance

Arctica Finance hf. er verðbréfafyrirtæki sem starfar samkvæmt heimild og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Arctica byggir þjónustu sína á ráðgjöf til fagfjárfesta, fyrirtækja og annarra fjársterkra aðila í gegnum þrjú svið, Fyrirtækjaráðgjöf, Markaðsviðskipti og Eignastýringu. Starfsmenn Arctica hafa víðtæka og áralanga reynslu af ráðgjöf af því tagi er félagið býður upp á og er áhersla lögð á að byggja upp traust samband við viðskiptavinum, þar sem fagmennska, áreiðanleiki og trúverðugleiki eru í fyrirrúmi. Starfsemi Arctica er fyrst og fremst á Íslandi, en lykilstarfsmenn félagsins hafa einnig stýrt og/eða unnið að ráðgjafaverkefnum víða erlendis, m.a. á Norðurlöndum, Bretlandseyjum, meginlandi Evrópu og Norður-Ameríku.

Media Contact:

Rich Williams
Connect2 Communications
+1-919-523-0621
rmwilliams@connect2comm.com

###